



Akureyrarbær

18.06.2024

Framkvæmdir við kirkju og kirkjutröppur.





Umhverfis- og mannvirkjasvið

Undanfarið hefur verið unnið að því að koma fyrir nýjum tröppum við Akureyrarkirkju. Lokið er við að steypa upp þrjár neðstu tröppueiningarnar ofan á gamla húsnæðinu og búið að koma forsteyptu tröppunum á sinn stað.

Nú er unnið við að steypa kantveggi sitthvoru megin við tröppurnar.

Framundan er vinna við frárennslislagnir frá tröppunum og raflagnir að ljósum og búnaði.

Á sama tíma er verið að vinna endurbætur á þaki safnaðarheimilis kirkjunnar og endurbæta göngustíg sunnan við kirkjuna upp að Eyrarlandsvegi, sett verður upp glerhandrið við þakkant, hellulagnir endurnýjaðar og ný lýsing við gönguleiðina.



Umhverfis- og mannvirkjasvið



Umhverfis- og mannvirkjasvið